

Annáll haustannar 2018 við Fjölbrautaskóla Vesturlands

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur föstudaginn 17. ágúst. Þá fengu nemendur afhentar stundaskrár. Regluleg kennsla hófst svo mánudaginn 30. ágúst. Síðasti kennsludagur á önninni var 14. desember. Önninni lýkur þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 47 nemendur sem nú ljúka námi hafa verið brautskráðir frá skólanum.

Í upphafi annar voru 526 nemendur skráðir í skólann. Þetta eru aðeins færri nemendur en á síðustu haustönn. Fullorðnir nemendur eru stór hluti okkar nemenda. 97 nemendur, eða um 18% nemenda við skólann, stunda svokallað dreifnám, það er nám utan hefðbundins dagvinnutíma. Þessir nemendur stunda nám á sjúkraliðabraut, í húsasmíði og í vélvirkjun.

Af nemendum skólans eru 58% karlmenn og 42% kvenmenn. Það eru þó fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum en karlar eru í meirihluta í iðnnámi og konur í sjúkraliðanámi.

Brottfall var tæplega 4% sem er svipað og á undanförunum önnum. Þótt okkur þyki þetta of mikið er þetta frekar lítið samanborið við aðra framhaldsskóla.

Í apríl á þessu ári voru kosningar nemendafélagsins. Guðjón Snær Magnússon var þá kosinn formaður nemendafélagsins. Með honum í stjórn eru Ylfa Örk Davíðsdóttir, Ísak Máni Sævarsson, Birta Margrét Björgvinsdóttir og Árni Þórir Heiðarsson. Í ágúst var Kristófer Leon Ívarsson kosinn í stjórnina fyrir hönd nýnema.

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: fyrir Tónlistarklúbb Logi Breiðfjörð Franklínsson, Árni Þórir Heiðarsson fyrir Íþróttaklúbb, Thelma Rakel Ottesen, Hrönn Eyjólfsdóttir og Freyja María Sigurjónsdóttir fyrir Leiklistarklúbb, Aðalbjörg Egilsdóttir, Ólöf Gunnarsdóttir, Bjarney Helga Guðjónsdóttir, Gyða Kolbrún Hallgrímsdóttir og Sólveig Erna Þorsteinsdóttir fyrir Góðgerðafélagið Eynir og Hanna Louise Guðnadóttir og Jófríður Ísdís Skaftadóttir fyrir Femínistafélagið Bríet.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Það má segja að skólastarf haustannar hafi verið með hefðbundnum hætti. Við byrjuðum á hefðbundnum nýnemadegi og ferð nýnema í Logaland. Sú nýbreytni var á móttöku nýnema að í stað busavíglu var farið í tveggja daga ferð upp í Borgarfjörð þar sem nemendur skemmtu sér með þátttöku stjórnar nemendafélagsins. Þegar heim var komið tóku stjórn og klúbbaformenn vel á móti nýnemahópnum á sal skólans með glensi og gamni.

Í ágúst var endurnýjaður samningur skólans við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um heilbrigðisþjónustu fyrir nemendur skólans á yfirstandandi skólaári.

Kynningafundur fyrir foreldra og forráðamenn nýnema var haldinn að venju í september.

Við héldum minningastund um Einar Darra Óskarsson nemanda okkur sem lést 25. maí á þessu ári.

Við héldum upp á Evrópska tungumáladaginn og nemendur í trúðngreinum héldu „reisugill“ þegar þeir voru búnir að reisa síðustu sperruna í húsunum sem þeir voru að smíða. Nemendur í jarðfræði og umhverfisfræði fóru í dagsferðir til að skoða jarðmyndanir og fl. og nemendur í myndlist fóru í ferð til höfuðborgarinnar til að kynna sér íslenska myndlist.

Eins og undanfarnar annir voru formenn Góðgerðafélagsins Eynis duglegir í söfnunum fyrir góð málefni. Meðal þess málefnis sem naut góðs af þeirra góða starfi er Minningasjóður Einars Darra.

Nemendur í Berlínaráfanga fóru í ferð til Berlínar undir leiðsögn kennara síns, henni Kristínu Luise Kötterheinrich. Þess má geta að þetta er í fimmta sinn sem Kristín fer með nemendur til Berlínar.

Nemendur okkar tóku þátt í Þrekmóti framhaldsskólanna. Það voru þau Hrönn Eyjólfsdóttir, Ingibjörg Rósa Jónsdóttir, Gylfi Karlsson og Karl Ívar Alfreðsson sem kepptu fyrir hönd skólans og lentu þau í þriðja sæti á mótinu.

Í byrjun nóvember stóð Femínistafélagið Bríet fyrir femínistaviku hér í skólanum. Formenn félagsins buðu upp á áhugaverða fyrirlestra fjóra daga í röð. Meðal þess sem boðið var uppá var fyrirlestur frá Ungmennaráði UN Women, fyrirlestur frá Hönnu Björg Vilhjálmisdóttur, kennara í kynjafræði og fyrirlestur um Karlmennskuna. Síðasta daginn var síðan upplestur og umræður um MoToo í FVA.

Við fengum ýmsa góða gesti í heimsókn. Ástráður, félag læknanema um forvarnir, kom með fræðslu til nemenda og Hugrún, félag háskólanema í læknisfræði, hjúkrunarfræði og sálfræði við Háskóla Íslands, kom með fyrirlestur um geðheilbrigði.

Nemendur í efsta áfanga í stærðfræði hafa undanfarnar annir verið með jafningjafræðslu fyrir nemendur í stærðfræði. Þau buðu upp á tíma einu sinni í viku, á þessari önn voru það þau Brynhildur Traustadóttir og Davíð Örn Harðarson sem stóðu vaktina.

Ýmislegt fleira gerðist á önninni; haldnir voru dansleikir, kaffihúsakvöld, bingó og fleiri samkomur nemenda. Skammhlaup fór fram í nóvember en það er keppni þar sem öllum

nemendum skólans er skipt í 7 lið sem keppa innbyrðis. Það voru að venju útskriftarnemar sem voru liðsstjórar og stjórnun þau sínu fólki af röggsemi. Einnig tóku nemendur þátt í WestSide sem er keppni milli framhaldsskóla á Vesturlandi í ýmsum greinum. Var viðburðurinn haldinn á Snæfellsnesi að þessu sinni. Síðasta dag nóvembermánaðar var jólaþema þar sem nemendur og kennarar mættu í jólaþeysum, með jólasveinahúfur eða annað sem minnti á jólin.

Rekstur skólans hefur gengið mjög vel á þessu ári. Þá hefur umtalsverðum fjárhæðum verið varið í að endurnýja kennslu- og tækjabúnað skólans sem og aðstöðu nemenda og starfsfólks. Endurnýjun tölvubúnaðar fyrir nemendur er til að mynda lokið og átak sem hafið var fyrir tveimur árum síðan í málmiðngreinadeild skólans er langt á veg komið.

Ég óska ykkur sem útskrifast frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð. Þið megið vera stolt af að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur.

Dröfn Viðarsdóttir